

# Læknánám í Árósum

PEIR ÖRN HAUKSTEINN INGÓLFSSON og Halldór Bjarki Einarsson eru báðir við læknánám í Árósum. Örn er á 4. ári en Halldór Bjarki á 3. ári. Þeir segjast báðir hafa farið í Numerus Clausus við læknadeild HÍ en ekki komist inn og því sótt um inngöngu í læknadeildina í Árósum sem er ein af þremur læknadeildum í Danmörku, hinar tvær eru í Óðinsvéum og Kaupmannahöfn.

Þeir urðu góðfúslega við þeirri beiðni að lýsa náminu svo samanburður við læknánamið heima á Íslandi væri mögulegur en varla þarf þó að taka fram að námið er fyllilega sambærilegt og veitir sömu réttindi.

## Tilhögun námsins í Árósum

„Náminu er skipt upp í tvo hluta. Fyrsti hlutinn samanstendur af líffærafræði og vefjafræði, erfðafræði, sálarfræði og verknámi á 3. önn. Á öðru námsári hefjast heilsárskúrsar í ólífrænni og lífrænni efnafræði, sem og læknisfræðilegri eðlisfræði og lífeðlisfræði. Fyrsta hlutanum lýkur með prófum í ónæmis- og örveirufraði, faraldsfræði og umhverfis- og vinnutengdri læknisfræði.

Annar hluti læknisfræðinnar í Árósum hefst með kúrsnum í lyfja- og meinafræði ásamt smærri kúrsnum í sálarfræði og heimspeki. Fjórða árinu lýkur með einnar annar verknámi í lyf- og skurðlækningum. Á fimmta ári eru kenndar háls-, nef- og eyrnalækningar, og húð- og kynsjúkdómafræði, ásamt augnlæknisfræði. Niundu önninni lýkur síðan með sex vikna rannsóknarverkefni. Nemendur sem tekið hafa rannsóknarár, sem er í boði fyrir þá sem hafa sérstakan áhuga á rannsóknnum, fá kúrsinn metinn standist þeir rannsóknarárið. Á seinni hluta fimmta ársins, fara nemendur aftur á spítala í verknám, í almenna læknisfræði, taugalæknisfræði og taugaskurðlækningar. Einnig er kennd fræðileg æxlafræði.

Verknámið heldur svo áfram á fæðinga- og kvensjúkdómadeild og lýkur með barnalæknisfræði. Sjötta árið hefst með klínískri erfðafræði, myndgreiningu, geislalæknisfræði og klínískri lyfjafræði, öldrunarlæknisfræði og geðlæknisfræði. Einnig er kennd réttarlæknisfræði og gigtarlæknisfræði.

Elleftu önn lýkur með kúrs í fæðingar- og kvensjúkdómalæknisfræði. Á tólfu önn, sem og jafnframt er sú síðasta, undirbúa nemendur sig fyrir kandidatspróf í lyf- og skurðlækningum. Námið endar svo með skriflegu prófi í barnalæknisfræði.



*Ein af byggingum læknadeildar háskólans í Árósum.*

Turnus, eða kandidatsárið í Danmörku, er 1 og ½ ár, ein önn á lyflækningadeild, ein á skurðdeild og ein á heilsugæslu.”

## Félag íslenskra læknanema

Þeir Örn og Halldór benda á að námið er ekki eins byggt upp í öllum þremur deildunum í Danmörku en niðurstaðan er að sjálfsögðu sú sama.

Loks má nefna að fyrir íslenska stúdentu í Danmörku eru skólagjöld engin og námið því ódýrara en víðast hvar annars staðar utan Norðurlandanna.

Aðspurðir um framhaldsnám segist Halldór horfa til Bandaríkjanna en hann tók rannsóknarár í Bandaríkjunum og hyggst fara aftur þangað eftir kandidatsárið sitt. „Dvölin vestanhafs reyndist vera lærdómsrík og bauð uppá mikla möguleika.” Örn kveðst óráðinn ennþá en honum þykir líklegt að fyrir valinu verði eitt af Norðurlöndunum.

Þess má svo geta að læknastúdentar í Danmörku hafa með sér félag sem starfrækir heimasíðuna <http://www.fild.dk>. Félagið hefur sex manna stjórn, skipaða tveimur fulltrúum frá hverjum skóla. Á hverjum stað er svo sjálfstæð starfsemi undirfélagu FÍLD. Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna félagsmanna, efla félagsleg tengsl, miðla upplýsingum nemenda á milli, taka á móti nýnemum og kynna félagið.